

Nd.

360. Rökstudd dagskrá

feld í Nd. 4. ágúst. (Frumv. til laga um að landsstjórninni heimilist að veita stjórn heilsuhælisins á Víflsstöðum nauðsynlegan styrk úr landssjóði til reksturs hælisins, þingskj. 190).

Með því að deildin lítur svo á, að landsstjórninni sje heimilt og eftir atvikum skylt að sjá við því, að heilsuhælið eigi þurfi að hætta starfi sínu, svo engin þörf sje á sjerstökum lögum um þetta efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.